



ALLT Á EINUM STAD

Ólafsbraut 19 · 436 1214 · www.voot.is

# JÖKULL

1076. tbl - 23. árg.

17. ágúst 2023



## Hafa malbikað yfir 20.000 fermetra



Annað hvert ár eru malbikunarframkvæmdir í Snæfellsbæ. Verktakinn Malbikun Akureyrar hefur því í sumar malbikað vítt og dreift um sveitarfélagið, bæði fyrir fyrirtæki, einstaklinga og sveitarfélagið. Ellefu götur hafa nú þegar verið malbikaðar en einnig bílastæði og afleggjarar til þess að bæta aðgengi. Til að mynda hafa vegir að tjaldsvæðunum í Ólafsvík og á Hellissandi verið malbikaðir og því mun snyrtilegri aðkoma fyrir gesti. Á Arnarstapa var veg-

urinn frá Bárði Snæfellsás og bílastæðið malbikað en einnig bílastæðið fyrir ofan höfnina og vegurinn á milli bílastæða fyrir ofan höfnina. Í heildina hafa um 20.000 fermetra verið malbikaðir hingað til. Verktakinn hóf vinnu aftur eftir hlé þann 14. ágúst og var meðfylgjandi mynd tekin á þriðjudag þegar verið var að malbika eitt af síðustu verkunum áður en vélar voru flutar inn í Stykkishólm þar sem átti að malbika næst. JJ

## HSH á unglíngalandsmóti

Unglíngalandsmót UMFÍ fór fram á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina, 4. til 7. ágúst. Átti HSH 13 keppendur á mótinu í ár sem stóðu sig allir með mikilli þrýði. Til að mynda varð Helga Sóley Ásgeirsdóttir Unglíngalandsmótsmeistari 15 til 18 ára í upplestri og liðið Ball boys enduðu í 4. sæti í grasblaki og

6. sæti í körfubolta í flokki 13 til 14 ára drengja. Bæði keppendur og aðstandendur voru mjög ánægðir með hvernig tókst til á mótinu en að ári verður Unglíngalandsmótið haldið í Borgarnesi og stefnir HSH á að efla starfið enn frekar í vetur og fjölmenna í Borgarnes árið 2024. SJ



FISKMARKAÐUR  
ÍSLANDS

Sími: 430 3700  
www.fmis.is



# Matarlist í Þjóðgarðsmiðstöðinni

Veitingasala byrjaði í þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi í júlí en það er fjölskyldufyrirtækið Matarlist af Snæfellsnesi. Mæðginin Benjamin og Justyna Ondycz standa vaktina í Matarlist en Benjamin kemur til með að halda utan um reksturinn. Veitingastaðurinn er opinn alla daga frá klukkan 10:00-16:00 og bjóða þau upp á

fjölbreyttan matseðil með áherslu á hráefni úr héraði, kökur, heita rétti og ljúffengt kaffi. Eru öll hvött til að kíkja við á Matarlist í þjóðgarðsmiðstöðinni, gæða sér á veitingum og drekka í sig fróðleik um Snæfellsjökulþjóðgarð og Snæfellsnes.

JJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

## Rallað um Snæfellsnes

Fjórða umferð íslandsmótsins í rally fer fram um næstu helgi, Bifreiðaíþróttaklúbbur Reykjavíkur heldur rallið og verður ekið um Suðurnes, Borgarfjörð og Snæfellsnes.

Tuttugu og einn bíll er skráður til keppni í fimm flokkum og er hægt að nálgast ráströð og tíma-setningu leiða á heimasíðu Akstursíþróttasambands Íslands, <https://mot.akis.is>.

Föstudaginn 18. ágúst verður ekið um Suðurnes en á laugardag 19. ágúst verður ekið um Snæfellsnes, fyrsta leiðin er um Berserkjahraun og verður hún ekin tvisvar, leiðin verður lokað frá fyrir annarri umferð kl. 9 - 11.30 en fyrsti rallybíll verður ræstur inn á leiðina kl. 10.00.

Eftir að búið er að aka Berserkjahraun tvisvar liggur leiðin til Ólafsvíkur en þaðan verður ekið upp Jökulháls og niður Eysteinsdal, ræst

verður inn á þá leið kl. 11.40. Næst verður ekið frá Arnarstapa yfir Jökulháls til Ólafsvíkur og ræst verður inn á þá leið kl. 12.35, sú leið verður svo ekin til baka kl. 14.00 og að lokum verður ræst inn á leiðina frá Eysteinsdal upp á Jökulháls og niður til Ólafsvíkur kl. 15.00. Vegna alls þessa verður Jökulhálsi lokað fyrir akandi umferð á milli 10.30 og 16.00 á laugardag.

Áætlanir gera ráð fyrir að bíllarnir komi í viðgerðarhlé til Ólafsvíkur kl. 16 en að því loknu um kl. 16.30 verður ekið um Berserkjahraun á ný, fyrsti bíll verður ræstur kl. 17.30 og verður leiðin ekin þrisvar, leiðin um Berserkjahraun lokar fyrir almennt umferð kl. 16.30 og opnar aftur kl. 20.00.

Á sunnudag 20. ágúst verður ekið um Borgarfjörð.

Áhugafólk um akstursíþróttir er hvatt til að fylgjast með, en virða lokanir. JÓ



TÓNLISTARSKÓLI  
SNÆFELLSBÆJAR

## INNTRITUN FYRIR HAUSTÖNN 2023

Innritun í skólavistun Tónlistarskóla Snæfellsbæjar fyrir haustönn 2023 fer fram í Ólafsvík frá 17. ágúst til 27. ágúst. Umsóknum skal skilað á skrifstofu skólans að Hjarðartúni 6. Einnig er hægt að hringja í síma 433-9928 eða senda tölvupóst: [tonlistarskoli@snb.is](mailto:tonlistarskoli@snb.is). Nemendur sem eru að ljúka árið 2023 þurfa að staðfesta áframhaldandi skólavistun fyrir haust 2023, og ef breytingar eru á hljóðfæranámi. Kennsla hefst á mánudaginn 28. ágúst.

Samningur skal gerður við nemendur og forráðamenn um hljóðfæraleigu, þar sem m.a. eru skilmálar um meðferð hljóðfæra.

Hálft nám reiknast sem 60% af fullu gjaldi.

Í þeim tilvikum sem systkini yngri en 18 ára stunda nám við skólann skal veittur systkinaafsláttur. Systkinaafsláttur skal nema 25% fyrir annað systkini og 50% fyrir þriðja systkini. Afslátturinn reiknast ávallt af ódýrasta náminu.

Systkinaafsláttur á eingöngu við um systkini, ekki frændsystkini, þó svo lögheimili og greiðandi sé sá sami.

A.T.H.

Við innritun hefur forráðamaður skuldbundið sig, að greiða skólagjöld út önnina.

Gjaldskrá Tónlistarskóla Snæfellsbæjar má finna á vefsíðu Snæfellsbæjar.

Bestu kveðjur  
Skólastjóri Tónlistarskóla Snæfellsbæjar



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: [steinprent@simnet.is](mailto:steinprent@simnet.is)

Sími: 436 1617



Bifreiðaverksæði Ægis.  
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn



GRUNNSKÓLI SNÆFELLSBÆJAR  
SJÁLFSÞÆÐI - METNABUR - SAMKENND

## Skólasetning Grunnskóla Snæfellsbæjar

### Grunnskóli Snæfellsbæjar verður settur miðvikudaginn 23. ágúst.

Skólasetningin fer fram í sölum starfstöðvanna og síðan hitta nemendur umsjónarkennara sína.

Nemendur mæta:

**Kl. 10:00 í 5.-7. bekk í Ólafsvík**  
(skólabíll fer frá Hellissandi kl 9:40).

**Kl 11:00 í 8.-10. bekk í Ólafsvík**  
(skólabíll fer frá Hellissandi kl 10:40).

**Kl. 12:00 í 2.-4. bekk á Hellissandi**  
(skólabíll fer frá Ólafsvík kl 11:40).  
Skólabíll leggur af stað frá skóla að loknum skólasetningum.

**Kl 14:00 í 1.-10. bekk í Lýsudeild**  
(þeir sem vilja nýta skólabíla hafi samband við skólabílstjóra).

Nemendur og forráðamenn 1. bekkjar, verða boðaðir í viðtöl til umsjónarkennara.

Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá **fimmtudaginn 24. ágúst.**  
Nemendur og forráðamenn geta nálgast stundatöflur inni á Mentor.

Umsóknareyðublöð vegna mótuneytis og lengdrar viðveru (Skólabær), norðan Heiðar eru inn á heimasíðu skólans  
<https://www.gsnb.is/blank-20>

Foreldrar eru beðnir um að skila umsóknum rafrænt til ritara á netfangið [ljilja@gsnb.is](mailto:ljilja@gsnb.is)

Skólastjóri

## Að flytja burt!

Hver á sér fegra föðurland með fjöll og dal og bláan sand. Og Jökul!

Kæru Ólsarar, Snæfellsbæingar! Af persónulegum ástæðum erum við - Ester og Gunní Gunn. Flutt héðan úr samfélaginu sem við höfum búið saman í sl. 60 ár! (ég reyndar sjálf lengur, eða síðan árið 1950)

Hér hefur lífið verið okkur ljúft og gott.

Það eru ómetanleg forréttindi að hafa notið þess að vera hluti af þessu góða samfélagi sem hefur gefið okkur dýrmætar minningar og yndislega vini, fyrir það erum við ævinlega þakklát. Við kveðjum ykkur með trega og innilegum óskum um að bjarta framtíð.

*Ester og Gunní*



Við bjóðum upp á  
alhliða bílaviðgerðir,  
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímarpantanir í síma 436-1111



FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

**Pétur Kristinnsson hdl.**  
löggtur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

## Léleg uppskera

Á ýmsu hefur gengið í fótboltanum þann tíma, sem Jökull var í útkomu frí. Reynis menn hafa leikið sex leiki og unnið einn, en tapað hinum. Eitthvað hefur verið um föll í liðinu ásamt því að einhverjir taka þetta ekki mjög alvarlega.

Hjá Víking hefur einnig verið niðursveifla í úrslitum. Að ferðast í þrjá erfiða útileiki norður í landi á 10 dögum tekur í, þar sem að nánast ómögulegt er að fá gistingu. Þá er bara í stöðunni að keyra fram og til baka samdægurs. Uppskeran þennan tíma, sem Jökull var í frí er, að í átta leikjum komu tveir sigrar, tvö jafntefli og fjögur töl. Þá er leikurinn við Hauka, sem leikinn var í gær (miðvikudag) ekki talinn með þar sem að þetta er ritað áður en hann var leikinn. Síðasti leikur

hér heima, um síðustu helgi á móti KFG, sem lauk með jafntefli 2-2, eftir að heimamenn höfðu komist í 2-0 lofar góðu fyrir framhaldið, en hann hefði strákarnir átt skilið að vinna. Augnabliks einbeitingarleysi þegar gestirnir jöfnuðu í uppbótartíma kostaði tvö stig.

Hvað varðar framhaldið, þá á Reynir eftir tvo leiki og báða úti. Af þeim leikjum Víkings, sem eftir eru, er næsti hér heima við KFA, sem verður væntanlega stærsta prófraun sumarsins, þar sem að þeir eru í efsta sæti deildarinnar, þega þetta er skrifað og í vænlegri stöðu með að fara upp um deild. Skorur því á alla heimamenn að mæta á völlum núna á sunnudaginn kl. 12.00 og styðja vel við strákanna í þessum þýðingar mikla leik. ÓHS



# Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa

Dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar í Ólafsvík auglýsir eftir hjúkrunarfræðingi til starfa í 80 - 100% starf. Um framtíðarstarf er að ræða.

Á Jaðri eru 16 hjúkrunarrými, 2 dvalarrými og 18 íbúar. Aðstaða íbúa og starfsfólks er mjög góð.

## Helstu verkefni og ábyrgð:

- Umsjón og skipulag á hjúkrunarstarfi
- Fagleg ábyrgð á hjúkrunarstarfi

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Íslenskt hjúkrunarleyfi er skilyrði
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði
- Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, jákvæðni og góða samskiptahæfni
- Frumkvæði og faglegur metnaður í starfi

**Umsóknarfrestur til 31. ágúst 2023.**

Upplýsingar veita:

Inga Jóhanna, forstöðumaður,  
857-660 og inga@snb.is.

Sigrún Erla, hjúkrunarfræðingur,  
865-1525 og sigrunerla@snb.is.